

Skýrsla kennsluráðgjafa

skólaárið 2019-2020



Helga Hauksdóttir
Fræðslusviði Akureyrarbæjar
júní 2020

Nýir nemendur

Á hverju hausti tökum við á móti nýjum, erlendum nemendum sem koma víða að, í skólana okkar. Sem dæmi um það má nefna að í haust komu þrír nemendur sem hafa arabísku sem móðurmál og nemandi með ítölsku sem móðurmál í Brekkuskóla.

Í Giljaskóla kom nemandi með þýsku sem móðurmál og í Glerárskóla nemendur með tékknesku sem móðurmál. Í Síðuskóla kom nemandi frá Ghana og í Naustaskóla og Brekkuskóla komu nemendur frá Lettlandi. Auk þessarar nemenda komu í skólana nýir erlendir nemendur, sem hafa búið í öðrum sveitarfélögum og verið þar annað hvort í leik- eða grunnskóla. Einnig komu íslenskir nemendur sem voru að flytja heim eftir langa dvöl erlendis, sem hafa þurft aðstoð með íslenskunám.

Kynningar á námskeiðum í HA

Í nóvember var ég með kynningar á fjölmenningu og starfi mínu á tveimur námskeiðum í HA. Námskeiðin voru **Nemandinn í skóla margbreytileikans** og **Lýðræði, mannréttindi og fjölmennning**. Það var gaman að koma inn í þessi námskeið; nemendur mjög áhugasamir og umfjöllunarefnið þarft og nauðsynlegt fyrir þá sem koma nú þegar, eða hyggjast koma, að vinnu með fjölbreyttum nemendahópum á öllum skólastigum.

Námskeið um stöðumat erlendra nemenda

Kennsluráðgjafar þriggja sveitarfélaga, Reykjanesbæjar, Árborgar og Hafnarfjarðar, hafa nú lokið vinnu við að þýða sænskt stöðumat fyrir erlenda nemendur. Markmiðið er að kanna stöðu nemenda í heimamáli sínu og í stærðfræði til þess að auðvelda kennurum að staðsetja þá í námi,

miðað við þá kunnáttu sem þeir hafa við upphaf náms í íslenskum skólum. Námskeiðið var kynnt með góðum fyrirvara og beðið um að fjórir til fimm kæmu frá hverjum skóla, til þess að hægt væri að mynda teymi á hverjum stað sem gæti hjálpast að við slíkt mat. Skólum nágrannasveitarfélaga var einnig boðin þátttaka. Dagsetning var ákveðin þann 23. mars en í ljósi fjöldatakmarkana á svæðum og tveggja metra fjarlægðarreglu var ákveðið að fella námskeiðið niður að sinni. Nýr námskeiðsdagur var ákveðinn í upphafi næsta skólaárs, eða þriðjudaginn 8. september n.k. með von um að þá yrði staðan í þjóðfélaginu önnur og betri til þess að hittast og læra hvert af öðru.

Brú á milli grunnskóla og framhaldsskóla

Í desember var ég beðin, ásamt Sigríði Ástu Hauksdóttur, námsráðgjafa í Menntaskólanum á Tröllaskaga að setja niður tillögur um samstarf grunns- og framhaldsskóla vegna nemenda sem hafa fengið sérstaka aðstoð í grunnskóla og munu þurfa hana áfram að einhverju leyti í framhaldsskóla.

Í þeirri vinnu var einnig hugað sérstaklega að nemendum sem hafa íslensku sem annað tungumál og hvernig upplýsingum um stöðu þeirra yrði sem best komið á milli skólastiga.

Hér er tengill á skjalið sem við skiluðum af okkur til skólameistara og fræðslustjóra / sviðsstjórafræðslumála:

https://erlendir.akmennt.is/wp-content/uploads/2020/03/Byggjum-bru_17.03.20.pdf



Erlendir nemendur skólanna í breyttu skipulagi vegna covid-19 faraldurs

Um miðjan mars 2020 ákvað heilbrigðisráðherra að virkja heimildir sóttvarnalaga sem fólu m.a. í sér að takmarka skólahald tímabundið. Til þess að undirbúa breytta skólasókn og nám var undirbúningsdagur í öllum grunnskólum Akureyrar mánudaginn 16. mars. Þriðjudag 17. mars mættu nemendur til skóla samkvæmt nýju skipulagi en frá og með 24. mars breyttist skipulag hjá eldri nemendum aftur og þeim var kennt alfarið í fjarkennslu. Takmarkanir á skólahaldi féllu síðan úr gildi mánudaginn 4. maí og tók þá eðlilegt skólastarf við að nýju.

Allir grunnskólar bæjarins sendu okkur yfirlit um hvernig erlendum nemendum hefði gengið að takast á við breytt umhverfi og heimanám með aðstoð fjarkennslu. Af svörum að dæma virðast kennarar hafa haldið vel utan um þennan hóp nemenda og haft góð samskipti við foreldra. Dæmi um svör frá skólum:

„Erlend börn eru alls ekki í meira mæli heima en önnur börn, mæta hlutfallslega betur í skólann og nýta frístund áfram vel.“

„Hefur mætt alla dagana sem hafa verið í boði fyrir hans hóp og er líka virkur í heimanámi þá daga sem þau eru heima. Stendur sig vel.“

„Okkar nemendur eru að mæta vel og staðan á þeim góð.“

„Kemur lítið frá heimilinu en kennari er hvetjandi og er í sambandi. Hafa ekki sótt námsefni.“

„Fór ágætlega af stað þegar fjarkennsla hófst og mætti á fjarfundi. Í þessari viku (30.03-1.04.) hefur hann hinsvegar ekki mætt á fundina og verið óvirkur.“

Umsjónarkennari ætlar að hafa samband heim.“

Miðað við svör skólanna hafa erlendir nemendur ekki skorið sig frá íslenskum félögum þennan tíma. Flestir sinnt því sem til var ætlast í námi en nokkrum hluta nemenda finnst alltaf erfiðara að vinna á eigin spýtur utan skólaumhverfis og aðhalds, bæði kennara og hefðbundinnar stundaskrár.

Kennsla móðurmáls

Eins og síðustu ár hafa foreldrar staðið fyrir móðurmálskennslu í arabísku og pólsku. Kennsla hefur farið fram um helgar, í arabísku í Giljaskóla á sunnudagsmorgna og í pólsku í Lundarskóla á laugardögum. Akureyrarbær leggur til húsnæði vegna kennslunnar og reynir að leggja lið ef á þarf að halda, t.d. við ljósritun eða útvegum gagna en enginn kennslukostnaður er greiddur. Pólskir nemendur héldu meðal annars jólaskemmtun í Rósenborg í desember með kennara sínum og fjölskyldum. Þar kom jólasveinn í heimsókn og gaf öllum innpakkaða pólska bók.



Pólska sem valgrein skólaárið 2020-2021?

Eins og staðan er nú á vordögum munu fjórtán pólskir nemendur stunda nám í 8.-10. bekk grunnskóla næsta skólaár. Því var ákveðið að bjóða upp á pólsku sem eina af

valgreinum unglingastigs í fyrsta skipti. Hjá pólska menntamálaráðuneytinu er hægt að fá námskrá í pólsku, sem sérstaklega er sniðin að þörfum pólskra nemenda sem búa erlendis. Búið er að fá kennara til að taka verkefnið að sér en enn er ekki alveg ljóst hvort nógu margir nemendur sækja um til þess að hægt sé að halda úti kennslunni.

Endurskoðun námskrár fyrir íslensku sem annað tungumál

Í umræðu um nám og kennslu erlendra nemenda hefur oft komið fram að námskráin nýtist ekki nógu vel sem vegvísir í útfærslu og áhersluatriðum fyrir nám og kennslu. Árið 2017 var byjað að ýta á eftir nýjum kafla og endurskoðun námskrár. Nú hefur starfs-hópur verið að vinna drög að nýrri námskrá í meira en ár. Þar er reynt að byggja á fræðum og faglegri sýn, bæði fyrir leik- og grunnskólastig.

Seinni hluta aprílmánaðar fengu kennsluráðgjafar tækifæri til að taka þátt í rýnihópi og fjarfundi um þau drög sem nú liggja fyrir. Ýmsar ábendingar komu fram en almenn ánægja var með vinnu starfshópsins. Vonandi verður þess ekki langt að bíða að ný námskrá verði kynnt.

Fyrsta skref til aukinnar nærþjónustu


Nú í vor fengu Brekkuskóli og Oddeyrarskóli 25% stöðuhlutfall fyrir kennara til að huga sérstaklega að erlendum nemendum í skólunum og vera kennurum til ráðlegginga, t.d. hvað varðar kennsluhætti, námsefni o.fl. Þeir sinna líka sérstaklega nýjum, erlendum nemendum sem koma í skólana, fyrstu vikurnar, á meðan þeir eru að fóta sig í nýjum aðstæðum. Þessir kennarar eru einnig í samskiptum og funda

reglulega með kennsluráðgjafa fræðslusviðs. Með þessu móti viljum við færa þjónustu nær skólunum og efla teymi kennara í bænum sem huga sérstaklega að málefnum erlendra nemenda í skólunum sínum. Með aukinni samvinnu náum við vonandi enn betri árangri. Með þróun lærdómssamfélags getum við skipst á góðum hugmyndum og verkefnum og styrkt enn upplýsingavef og gagnabankann <https://erlendir.akmennt.is> þar sem kennarar geta sótt sér aðstoð og fræðslu. Áætlað er að fundir verði haldnir einu sinni í mánuði en nánara skipulag mun verða sett niður í upphafi skólaárs 2020-2021.

Tillögu að starfslýsingu kennara má finna hér aftar í **fylgiskjöllum** en hvor skóli aðlagar þessi drög að sínum þörfum og aðstæðum.

Vonandi er þetta aðeins fyrsta skrefið í þá átt að hver skóli fái slíkt stöðuhlutfall. Með því móti getum við stuðlað að lærdóms-samfélagi innan kennarahópsins, þar sem hver lærir af öðrum; hægt er að deila verkefnum, reynslu og þekkingu. Kennsluráðgjafi fræðslusviðs heldur utan um stöðu erlendra nemenda í bænum og verður kennurum og nemendum til aðstoðar sem fyrr, stýrir teymisvinnu og heldur utan um miðlægan verkefna- og hugmyndabanka sem vonandi verður enn öflugri ef fleiri áhugasamir kennarar leggja hönd á plóg til að deila því sem vel reynist í kennslu.

Til umhugsunar /innflytjendakúrfan



Það er oft stór ákvörðun að flytja með fjölskyldu sína á milli landa. Það getur verið spennandi og skemmtilegt en þó er ýmislegt sem kemur á óvart í nýju landi og í nýjum aðstæðum. Því nauðsynlegt fyrir okkur að hafa í huga að líðan fólks getur verið með ýmsum hætti fyrstu mánuði og jafnvel ár í nýjum og framandi aðstæðum.



Tvítyngi er ef til vill ekki eins einfalt hugtak og við höldum, án frekari umhugsunar. Það er hægt að skoða út frá ýmsum sjónar-

hornum og oft er talað um **jafnvægt tvítyngi** (e. *balanced bilingualism*) og **misvægt tvítyngi** (e. *dominant/unbalanced bilingualism*). Jafnvægt tvítyngi er þegar einstaklingur hefur nákvæmlega sömu færni í báðum málum og misvægt þegar kunnátta er meiri í öðru málinu en hinu. Sumir fræðimenn telja jafnvægt tvítyngi aldrei raunhæft og segja að innra með einum tvítyngdum einstaklingi séu alls ekki tveir eintygndir, heldur sé þetta einn tvítyngdur einstaklingur sem noti bæði tungumálin á ólíkan hátt og í ólíkum aðstæðum.

Hugtakið **jafnhliða tvítyngi** (e. *simultaneous bilingualism*) er notað um þá


einstaklinga sem læra tvö tungumál í einu í uppvexti sínum. Þetta eru oft börn foreldra sem tala hvor sitt tungumál eða börn innflytjenda sem búa við móðurmál sitt heima en tungumál umhverfisins í skóla. Þórdís Gísladóttir (2004) segir rannsóknir benda á jákvæð áhrif tvítyngis á börn, t.d. hvað varðar þroskaða málvitund og hugvitssamlegar leiðir í lausnaleit.

Áunnið tvítyngdi (e. *successive bilingualism*) er hugtak sem á við um einstaklinga sem læra annað málið síðar á lífsleiðinni.

Hægt er að ræða um tvítyngi út frá enn fleiri sjónarhornum en mikilvægt er að bæðir tvítyngdu nemendurnir okkar sjálfir – og við sem störfum með þeim – sjái kosti þess og tækifærin sem það veitir hverjum einstaklingi í lífi og starfi.

Fjöldatölur


Í vetur voru 233 nemendur af erlendum uppruna í grunnskólum Akureyrarbæjar. Í þeirri tölu eru allir nemendur grunnskólanna sem eiga annað foreldri eða báða foreldra erlenda. Fjöldi nemenda í þessum hópi hefur ekki breyst mikið á allra síðustu árum eins og fram kemur á mynd eitt hér fyrir neðan en fer þó heldur fjölgandi ár hvert.



Mynd 1

Það hefur alltaf verið þannig að nemendur af erlendum uppruna eru mjög mismargir eftir skólum bæjarins. Oddeyrarskóli er fámennasti skóli bæjarins með tæpa 200 nemendur og er hlutfall erlendra nemenda alltaf hæst þar eða í kringum 20%. Dreifing milli annarra skóla er nokkuð jöfn eða á bilinu 5 til 10 %. Giljaskóli hefur alltaf verið sá skóli sem hefur fæsta nemendur af erlendum uppruna í nemendahópi sínum.


Skýringa gæti bæði verið að leita í þáttum eins og að í Oddeyrarskóla var móttökudeild fyrir erlenda nemendur á árunum 2000-2012 og tók þá á móti flestum erlendum nemendum sem komu í bæinn. Einnig er hugsanlegt að húsnæðisgerð og framboð geti haft áhrif en á Oddeyrinni eru gjarnan litlar íbúðir í eldri kantinum sem gætu verið góður valkostur þegar fólk er að koma sér fyrir í nýjum heimkynnum.




Mynd 2

Nemendahópurinn sem er af erlendum uppruna er ákaflega fjölbreyttur og á í raun lítið sameiginlegt nema það að eiga annað foreldri eða báða foreldra erlenda. Sú skipting er mjög jöfn, sbr. mynd 3.

Málumhverfi þeirra nemenda sem eiga annað foreldri íslenskt en hitt erlent er oft með þeim hætti að þeir eru að læra tvö tungumál samtímis í öllum uppveksti sínum (simultaneous bilingualism). Það tekur lengri tíma að læra og tileinka sér orðaforða á tveimur tungumálum samtímis og því er ekki hægt að búast við að orðaforði tvítyngdra nemenda sé til jafns á við þá nemendur sem eru eintyngdir. Þetta þurfum við að hafa í huga, því oft gleymum við því að við erum aðeins að skoða annan flötinn á heildarmyndinni - við höfum ekki verið að meta orðaforða eða kunnáttu í móðurmáli einstaklingsins.




Mynd 3



Mynd 4

Lítill breyting hefur verið á fjölda tungumála sem töluð eru í grunnskólum Akureyrar síðustu ár og sömuleiðis fjölda þeirra nemenda sem tala hvert mál. Eins og fyrr eru pólskir nemendur flestir þeirra sem hafa annað móðurmál en íslensku, eða alls 48 nemendur. Næstir í röðinni eru síðan þeir sem tala ensku og síðan kemur tailenska í þriðja sæti. Nemendur tala alls 29 tungumál í skólunum.



Mynd 5

FYLGISKJÖL

Drög að starfslýsingu fyrir kennara í nýju starfshlutfalli v. erlendra nemenda í Brekkuskóla og Oddeyrarskóla

Aukið stöðuhlutfall til Brekkuskóla og Oddeyrarskóla, haustið 2020

Hlutfall: 25% stöðugildi til hvors skóla. Það er þá 6,5 kennslustundir á viku að jafnaði yfir skólaárið.

Tilgangur: Að færa þjónustu við erlenda nemendur nær vettvangi.

Markmið: Að bæta þjónustu við erlenda nemendur. Vera kennurum til ráðgjafar og vera hluti af móttökuteymi skólans. Að auka sveigjanleika til að veita aukna aðstoð þegar nýir nemendur koma í skólann, t.d. með því að geta fylgt nemendum þétt eftir fyrstu vikurnar.

Sveigjanleiki: Mikilvægt er að reyna að halda sveigjanleika í þessu starfi, þannig að kennari geti fylgt nýjum nemendum vel eftir þegar þeir koma í skólann og á móti dregið úr kennslu þegar aðstæður bjóða upp á það. Einnig væri æskilegt að þegar kennari fylgir nemanda milli kennslustunda fyrstu dagana (án þess að undirbúa kennslustundir) sé starf hans reiknað í klukkustundum, (kennsla+ undirbúningur) þannig að sem öflugust fylgd fái í upphafi skólagöngunnar.

Verkefni:

- ✚ Að vera kennurum skólans til aðstoðar og ráðleggingar við kennslu erlendra nemenda
 - Vera kennurum skólans innan handar með val á námsefni og kennslufyrirkomulagi í samræmi við þarfir hvers nemanda.
- ✚ Taka virkan þátt í /sjá um kennslu eins og þörf er á hverju sinni
 - Sérstök áhersla á aðlögun og samveru með nýjum nemanda mestan hluta skóladags í upphafi. Þannig verði vikuleg kennsluskylda sem sveigjanlegust, eftir þörfum og aðstæðum hverju sinni.
- ✚ Að vera nýjum erlendum nemendum stoð og stytta fyrstu vikurnar í nýjum aðstæðum.
 - Taka þátt í móttökuferli
 - Kynna skóla og skólastarf fyrir foreldrum
 - Kynna nýjan nemanda fyrir öllum kennurum og starfsfólki sem kemur að vinnu með bekk viðkomandi nemanda
 - Aðstoða kennara við að útbúa og finna námsefni og skipuleggja kennslu
 - Fylgja nemanda eftir í sérgreinar/verkgreinar

- Fylgjast með líðan og stöðu nýrra nemenda. Hitta þá í stuttum viðtölum og fá að heyra hvernig gengur, hvort viðkomandi eigi í einhverjum vanda, eða sé með einhverjar spurningar.

+ Vera hluti af teymi skóla Akureyrarbæjar og fræðslusviðs sem byggir upp aðgengilegar upplýsingar, gagnabanka, þýðingar, mat og aðra þjónustu fyrir erlenda nemendur bæjarins

- Taki þátt í fundum þar sem farið er yfir stöðu erlendra nemenda og rætt um verkefni sem þarf að vinna
- Geti veitt aðstoð til annarra skóla bæjarins í samráði við kennsluráðgjafa skóladeildar sem tekur á móti slíkum óskum.
- Leggi til námsefni í gagnabanka eins og kostur er
- Heldur utan um skráningu á nemendum sem þurfa aðstoð við nám og metur þörf hvers og eins fyrir stuðning.

+ **Annað:**

- Aðrir þættir sem skólar/kennarar vilja bæt við eða breyta, hvor á sínum stað.